

**Fulltrúaráðsfundur í Gerðubergi**  
**8. febrúar 2007.**

**Mættir:** Stjórn HRFÍ auk fulltrúa frá öllum deildum utan ensk cocker spanieldeildar, deild þýska fjárhundsins, retrieverdeild og svæðafélags norðurlands

### **1. Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ:**

Stjórn hefur fundað 15 sinnum frá síðasta aðalfundi þann 21. maí s.l. Stjórnarfundir eru að öllu jafnaði haldnir á 2ja vikna fresti og er fundartími auglýstur á vefsíðu félagsins. Skila á erindum á tölvutæku formi viku fyrir fund.

#### **Skrifstofa**

Þrjár starfsstúlkur eru í hlutastarfi sem áður, þær Hanna Björk Kristinsdóttir, Helga Andrésdóttir og Margrét G. Andrésdóttir. Margrét hefur sagt upp störfum, en hefur samþykkt að vinna fram í maí m.t.t. skráningar á júnísýningu. Leitað verður til ráðningarskrifstofu eftir nýjum starfsmanni með almenna þekkingu á skrifstofustörfum og bókhaldi.

#### **Logo HRFÍ**

Valgerður Gunnarsdóttir hefur hannað/betrumbætt logo HRFÍ. Grunnurinn er gamla logoð okkar. Tilkynning var send á alla formenn.

#### **Vefsíða HRFÍ**

Tónaflóð veflausnir hefur tekið að sér að vinna nýja vefsíðu fyrir félagið. Með því getur starfsfólk uppfært sjálft síðuna eftir þörfum. Þetta er mjög notendavænt og þægilegt kerfi. Kosnaður hönnun/uppsetning kr. 259.000.- án vsk. /myndeining fylgir með. Verið er að laga útlit m.t.t. betra aðgengis. Markmiðið er að vefsíðan verði þannig að hægt sé að nálgast allar upplýsingar og jafnframt að skrá á alla viðburði félagsins. Skemmtileg nýjung er „*Hugmyndabankinn*”. Nokkrum tillögum hefur nú þegar verið skilað inn.

#### **Lukka og sýningarforrit**

Nokkuð vantar enn uppá að starfsfólk geti alfarið unnið sjálfstætt með þessi forrit því upplýsingar vantar í handbækur til að þær komi að gagni. Jafnframt vantar að koma ýmsum mikilvægum upplýsingum á upplýsingaspjald um hunda sbr. PRA og fleira.

#### **Tölulegar upplýsingar frá 2006**

Afsöl/breytingar í ættbók	410
HD niðurstöður	169
AD niðurstöður	96
Hundar í augnskoðun	496
Ræktunarnöfn	42
Hundar á sýningu	1959
Ættbækur:	
Hvolpar	841
Innfluttir	110
Samtals	951

Nýtt hundakyn var skráð í ættbók HRFÍ – Polish lowland sheepdog (FCI 251)

Gjaldskrá HRFÍ tók gildi 1. janúar 2007  
Félagsgjöld, sem hafa verið óbreytt frá 2001 hækkuð um 15%  
(1995-96 kr.3000,-; 1997-2000 kr.3.500.-; 2001-2006 kr.3.900.-)  
Skráning í ættbók og ræktunarnöfn hækka um 18%  
Námskeiðsgjöld hækka um kr.2.000  
Skráning á sýningar og veiðipróf hækkar um 100.-

### **Útsending greiðsluseðla vegna félagsgjalda fyrir 2007**

Ætlun var að senda greiðsluseðla út í byrjun janúar. Kröfur voru stofnaðir í banka þann 10. janúar en greiðsluseðlar fóru ekki í póst fyrr en 24. janúar þar sem ekki náðist í Þorstein Kristinsson, sem hafði lofað að hjálpa til við að útbúa skrá til að prenta út greiðsluseðla. Þorsteinn Þorbergsson hljóp í skarðið og formaður sá síðan um að prenta seðlana og koma þeim í prentsmiðju.

### **Sólheimakot**

Eins og tilkynnt var á síðasta fundi þá er kominn tími á allsherjar endurbætur bæði innan og utanhúss í Sólheimakoti. Unnið er að kostnaðaráætlun. Vonandi taka félagsmenn vel undir ef leitað verður til þeirra í sjálfboðavinnu við endurbæturnar.

### **Umhverfisráð – Endurskoðun hundasamþykktar**

Skv. beiðni formanns Umhverfisráðs, Gísla Marteins Baldurssonar, á fundi þann 24.júlí sl. kom fram að hann óskaði eftir hugmyndum frá félgaginu áður en vinna við endurskoðun á hundasamþykktinni byrjar í haust.

Gunnlaugur Valtýsson og Hanna Björk Kristinsdóttir mættu á fund hjá Umhverfisráði þann 26. október sl.

Hanna Björk Kristinsdóttir og Jóna Th. Viðarsdóttir mættu á fund hjá Umhverfisráði þann 6. nóvember sl. Haldið var áfram vinnu við drög að hundasamþykkt þar sem frá var horfið á fundi þann 26. okt. sl. Á þessum fundi var hins vegar ákveðið að boða forsvarsmenn frá fjórum hundaskólum, sem Umhverfissvið viðurkennir. Fundurinn með skólafólkinu var mánudaginn 20. nóvember og mætti Sigríður Bílddal fyrir hönd Hundaskóla HRFÍ ásamt Guðrúnu Hafberg og Valgerði Júlíusdóttur. Voru þessir aðilar boðaðir til að ræða þann möguleika á að halda stöðupróf fyrir hunda þar sem eigendur sæju um þjálfun sjálfir. Hugsanlega yrði að finna út annað gjald en tryggði þó að hundur væri þjálfður og eigandi upplýstur um gildandi hundasamþykkt hverju sinni, sem tryggði afslátt af leyfisgjöldum.

Gísli Marteinn Baldursson hafði samband við formann í janúar. Sagði að vinna stæði yfir við hundasamþykktina varðandi tæknileg mál og fulltrúi HRFÍ yrði boðaður fljótlega á fund.

### **Rascompendium fyrir staðal íslenska fjárhundsins.**

Kenneth Edh og Hans-Åke Sperne frá Svíþjóð komu til landsins þann 1. nóvember sl. og eru nú byrjaðir vinnu við skýringar með staðli um íslenska fjárhundinn ásamt Guðrúnu R. Guðjohnsen. Var kynningarfundur að kvöldi 1. nóvember á Hótel Geysi með Þorsteini Thorsteinsyni og Stefaníu Sigurðardóttur úr stjórn DÍF. Jafnframt sat Guðríður Valgeirsdóttur fundinn fyrir hönd stjórnar. Fram kom á fundinum að vinnan við skýringarnar gæti tekið 1 ár.

Kenneth og Hans-Åke hafa ákveðið að gefa vinnu sína í þessu sambandi.

## Nýr hringstjóri HRFÍ

Þorsteinn Thorsteinsson hefur verið viðurkenndur hringstjóri hjá HRFÍ.

Er hann sá fyrsti sem útskrifast skv. nýjum reglum og leiðbeiningum fyrir hringstjóra sem tóku gildi 1. september 2006. Þorsteinn fékk frábær meðmæli fyrir óaðfinnanlega vinnu frá þeim sem leiðbeindu honum í hring og dómurum.

## Breyting á sýningarreglum

### Tillaga frá stjórn Unglingadeildar HRFÍ að reglum um hunda sem sýna skal í flokki ungra sýnenda.

„Þátttakandi í ungum sýnendum skráir sig með ákveðna tegund hunds en ekki með sérstakan fulltrúa þeirrar ákveðnu tegundar. Hundurinn skal vera ættbókarfærður í HRFÍ eða vera með viðurkenna ættbók frá FCI“

Þessi tillaga var samþykkt á fundi Sýningarstjórnar HRFÍ þann 16. janúar sl.

## Breyting á reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ

### VI. Reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr

#### Retriever:

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr, skulu mjaðmamynduð og olnbogamynduð fyrir pörun.

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ.

Óheimilt er að para hunda sem sýktir eru af PRA. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P)

Greinist hundur af einhverri eftirtaldri tegund: Golden retriever, flat-coated retriever og/eða curly-coated retriever með arfgenga vaxandi sjónrýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir né afkvæmi hvolpa hans úr fyrri gotum og/eða fleiri afkvæmi foreldra hans.

#### Íslenskur fjárhundur:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.99).

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.05).

**Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.07).**

Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu ( katarakt ) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr.beiðni frá DÍF 30.09.2004).

### III. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsættbækur

#### Var

***Innflutt undaneldisdýr verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Við umskráningu verður að fylgja:***

*a) Upprunalegt ættbókarskírteini (Export pedigree) skráð á þann aðila sem flytur hundinn til landsins. Skírteinið skal vera útgefið af hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI og HRFÍ.*

*b) Skriflegt afsal frá þeim aðila sem skráður er sem eigandi hundsins í ættbókarskírteini, sé um annan eiganda að ræða en þann sem óskar eftir umskráningu.*

- c) Staðfesting frá einangrunarstöð þess efnis að hundurinn hafi verið fluttur löglega til landsins. Einangrunarstöðin skal hafa starfsleyfi Landbúnaðarráðuneytisins.
- d) Ættbókarreglur HRFÍ gilda einnig fyrir innflutta hunda sem skráðir eru í ættbók félagsins. Hundaræktarfélag Íslands gefur út útflutningsættbók-Export Pedigree.

### **Tillaga að breytingu:**

***Innflutt undaneldisdýr í eigu aðila með búsetu á Íslandi verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Við umskráningu verður að fylgja:***

- a) Upprunalegt ættbókarskírteini (Export pedigree) skráð á þann aðila sem flytur hundinn til landsins. Skírteinið skal vera úttekið af hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI og HRFÍ.
- b) Skriflegt afsal frá þeim aðila sem skráður er sem eigandi hundsins í ættbókarskírteini, sé um annan eiganda að ræða en þann sem óskar eftir umskráningu.
- c) Staðfesting frá einangrunarstöð þess efnis að hundurinn hafi verið fluttur löglega til landsins. Einangrunarstöðin skal hafa starfsleyfi Landbúnaðarráðuneytisins.
- d) Ættbókarreglur HRFÍ gilda einnig fyrir innflutta hunda sem skráðir eru í ættbók félagsins. Hundaræktarfélag Íslands gefur út útflutningsættbók-Export Pedigree.

### **Sámur**

Sámur kemur út í apríl. Skilafrestur greina í blaðið er til 15. mars.

Breytingar á deildarfréttum sbr. bréf frá ritstjóra Ingu Björk Gunnarsdóttur sem dreift var á fulltrúaráðsfundinum

### **Hundaskóli HRFÍ**

Nokkrir fundir hafa verið haldnir hjá vinnuhópi um uppbyggingu Hundaskóla HRFÍ.

Hundakennararnir Erica Berglund og Anna Granström frá Svíþjóð koma til landsins helgina 22-25. febrúar og funda með vinnuhópnum, kennurum, leiðbeinendum og nemum.

Hvolpa- og grunnnámskeið eru í fullum gangi auk veiðihundanámskeiða. Tveir nýir nemar eru hjá skólanum. Anna Birna Björnsdóttir og Hallgerður Kata Óðinsdóttir hafa byrjað byrjendanám hjá Guðrúnu Hafberg og Valgerði Júlíusdóttur.

Clickernámskeið var í Sólheimakoti í janúar. Næstu helgi verður námskeið fyrir krakka úr Unglingadeildinni. Fyrirhugað er annað námskeið í febrúar. Kennari er Mónica Karlsdóttir.

Dagskrá fyrir skapgerðramat liggur fyrir fljótlega.

Próf í bronsmerki í hlýðni og sporleit verða auglýst á næstunni.

### **Íþróttadeild**

Námskeið í hundafimi eru komin í reiðhöll Gusts. Ábyrgðarmaður og leiðbeinandi er Ívar Bergsteinsson ásamt þremur aðstoðarkonum; Silju Vilhjálmsdóttur, Önnu Birnu Björnsdóttur og Hallgerði Kötú Óðinsdóttur. Jafnframt er boðið upp á framhaldstíma og geta félagsmenn keypt sér þátttökukort á kynningarverði á skrifstofunni.

Ívar og Edda hafa þýtt dönsku hundafimisreglurnar. Er verið að leggja lokahönd á fráganga reglna fyrir HRFÍ.

Meistaramót í Hundafimi 2007 verður væntanlega haldið í mars

### **Stofnun nýrra deilda**

Ef stofna á nýjar deildir þarf að skila inn umsókn um það sem fyrst til stjórnar svo hægt verði að bera tillöguna upp á aðalfundi. Sbr. tillögu Láru frá Fjár- og hjarðhundadeild, en hún kom með hugmynd á síðasta fulltrúaráðsfundi um að skipta Úrvalsdeild meira upp t.d. tegundahópur 5 og mjóhundadeild fyrir tegundahóp 10.

## **Skrifstofuhúsnæði**

HRFÍ hefur keypt Ra ehf. en eign félagsins er Síðumúli 15(222-8845) 207 m<sup>2</sup>  
Næstu skref eru að finna fólk í húsnæðisnefnd. Starf nefndarinnar yrði að sjá um framkvæmd breytinga húsnæðinu og fjáröflun.

## **Ýmsir atburðir á vegum félagsins frá síðasta fulltrúaráðsfundi:**

- Veiðipróf 30. september til 1. október.
- Haustsýning HRFÍ 7.- 8. október
- Ganga og gleði 4. nóvember, Laugavegsganga.
- Ræktunarnámskeið 3.- 4. nóvember. Leiðbeinandi Hans-Áke Sperne.
- Augnskoðun 17. – 18. nóvember. Um 240 hundar mættu í augnskoðun, sem þau Finn Boserup og Susanne Kaarsholm frá Danmörku sáu um.
- Norræn meistaraþing ungra sýnenda í Hamar í Noregi 19. nóvember.  
Þær stúlkur sem kepptu fyrir okkar hönd voru: Ágústa Pétursdóttir, Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir, Rakel Ósk Þrastardóttir og Þorbjörg Ásta Leifsdóttir.  
Fararstjóri var Auður Sif Sigurgeirsdóttir formaður Unglingadeildar.  
Árangur stúlkanna var frábær. Þorbjörg Ásta varð í 3ja sæti í einstaklingskeppninni og liðið varð síðan í 2. sæti í landakeppninni.  
Unglingadeildin hefur séð um sýningarþjálfun fyrir félagið og aflað tekna í þessa ferð. Jafnframt styrkti Ástrós Gunnarsdóttir þær um kr.25.000 og Dýrheimar ehf. um andvirði eins flugfarmiða eða kr.23.030. HRFÍ lagði út fyrir samræmdum klæðnaði, rauðri peysu, svörtum buxum og svartu hliðartösku. Allt var merkt HRFÍ. Hver stúlka fékk í farareyri NOK 1.300 (ISK.15.000) til að eiga fyrir mat á fimmtudag, sunnudag og mánudag. Reikningur verður sendur vegna hótalgistingar. Með í för var Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður, stúlkunum til halds og trausts. Guðríður kostaði ferð sína alfarið sjálf.
- Meistaramót HRFÍ í hundafimi 25. nóvember.  
Keppnin var haldin í reiðhöll Andvara að Kjóavöllum. Keppt var í 3 unglingsflokkum, 10-12 ára, 13-14 ára og loks 15-17 ára. Einnig var keppt í 3 fullorðinsflokkum, opnum flokki-litlir hundar, opnum flokki-stórir hundar og að lokum byrjendur stórir-hundar.  
Dómari var Ragnar Sigurjónsson. Stjórnarmenn í Íþróttadeild sjá um sölu á heitu kakói og kökum. Árshátíð deildarinnar var síðan um kvöldið.
- Jólakaffi var haldið á skrifstofu félagsins fimmtudaginn 14. desember. Mjög góð mæting og tókst vel í alla staði. Þeir sem mættu voru óskaplega ánægðir.
- Veiðipróf FHD fyrir Unghundapróf 13 og 14 janúar 2007
- Veiðipróf FHD fyrir Opinn flokk 3.02 2007.

## **Á döfinni**

- Fuglahundadeild: 8 veiðipróf og deildarsýning 13. maí
- Retrierverdeild: 8 veiðipróf og deildarsýning 15. júlí
- Hundar í Garðheimum –smáhundar 10-11.febr. – stórir og millistórir 17.–18. febr. Jafnframt verður Íþróttadeild með kynningu á hundafimi þann 17. febrúar
- Alþjóðleg sýning HRFÍ 3.-4. mars í Reiðhöllinni Víðidal
- Hin heimsfræga Mary Ray frá Englandi heldur námskeið í „Heelwork to music” – Freestyle helgina 17.-18. mars nk. Hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiðið ásamt hundi er 20 manns og kostar 15.000 kr. Fjöldi áhorfenda er ótakmarkaður á meðan húsrúm leyfir og kostar 4000 kr. Námskeiðið verður í Reiðhöll Gusts.
- Ársfundir ræktunardeilda skulu haldnir fyrir lok mars

- Stefnt á félagsfund í apríl þar sem verður m.a. kynning á frambjóðendum til stjórnarkjörs
  - Augnskoðun verður þann 27. og 28. apríl
- 2. Fundur hjá NKK 17. janúar sl. – Guðríður Þ. Valgeirsdóttir fer yfir það helsta sem fram kom á fundinum.**
- 3. Alþjóðleg meistarsýning HRFÍ 3. - 4. mars.**  
760 hundar eru skráðir á næstu hundasýningu og 45 ungir sýnendur.  
Ljóst að við þurfum að útvega 1 dómara til viðbótar.

Þær deildir sem eiga að aðstoða við að setja upp og taka niður sýningu er í höndum neðangreindra:

- Chihuahuaeild
- Cavalierdeild
- Schnauzerdeild
- Unglingadeild

Senda þarf nöfn og símanúmer þeirra sem munu sjá um þessa vinnu fyrir deildirnar til Halldóru Friðriksdóttur formanns framkvæmdanefndar.

Deildir þurfa að láta vita fyrir morgundaginn ef þeir óskar eftir að vera með kynningarbás.

#### Sýningarþjálfun

Unglingadeildin hefur staðið fyrir sýningarþjálfun alla sunnudaga eftir æfingu unglingsdeildar í reiðhöll Gusts. Þrjú sunnudaga fyrir sýninguna fara æfingar fram í reiðhöllinni í Víðidal. Þar sér unglingsdeild og forsvarsmenn deilda um aðstoð. Chihuahuaeild og Smáhundadeild eru með sýningarþjálfun í Gusti. Terrierdeild er með sýningarþjálfun í reiðhöll Andvara. Sýningarþjálfun er í Keflavík í reiðhöllinni Mánagrund.

Kl. 16 Ungir sýnendur

Kl. 17 Tegundahópar 7, 8 og 10 -

Kl. 18 Tegundahópar 1, 2, 4, 5, 6

Kl. 19 Tegundahópar 3 og 9

## 2. Önnur mál

- Fá hugmyndir að fyrirlesara fyrir næsta vetur sem höfðar til flestra félagsmanna. VIS AGRIA styrkir HRFÍ v.kostnaðar við einn fyrirlesara á ári eða kr.50.000  
Uppástungur:
  1. Astrid Indrebo dýralæknir og ræktandi. Astrid kom haustið 2004
  2. Jean Donaldson
  3. Dany Grosman ( skapgerð hunda)
  4. Runar Næss ( Dog behaviour and language)
  5. Jan Fennell höfundur bókarinnar The Dog Listener

Allir fundarmenn voru spenntir að fá Astrid Indrebo dýralækni. Ákveðið að reyna að fá hana ásamt Jan Fennell höfund bókarinnar; *The Dog Listener*

Hugmynd kom frá Birni í Fjár- og hjarðhundadeild að fá enskan fyrirlesara þar sem honum finnst við of oft leita til Norðurlandanna.

- Tillögur komnar í Hugmyndabankann, formaður las þær upp.
- Fyrirspurn frá Huldu í Úvalsdeild:  
Geta sænsku kennararnir sem koma hingað á vegum Hundaskólans verið með fræðslu fyrir vinnuhunda í tegundahópi 1 og 2. Hulda segir að nú sé mikið í tísku að árásþjálfna hunda og mikilvægt sé að benda fólki á aðra möguleika í þjálfun á þessum vinnuhundum.  
**Svar:** Jóna sagði að því miður gæfist ekki tími að þessu sinni en trúlega ættu þær eftir að koma aftur og þá væri hægt að óska eftir að þær væru með kynningu á þjálfunaraðferðum vinnuhunda.
- Smáhundadeild ætlar ekki að vera með bás á næstu sýningu.  
Ástæðan fyrir því er mikið ósætti og lítill áhugi í deildinni.  
**Svar:** Þeim var bent á að senda póst á alla í deildinni og kanna hvort að einhver hefði áhuga.
- Svar frá Retrieverdeild varðandi bás á næst sýningu kemur fljótlega segir Ástrós.
- Tíbet Spanieldeild ætlar ekki að vera með bás á næstu sýningu.  
Það lendir alltaf á sama fólkinu að vera í básnum og nú verður það fólk erlendis á næstu sýningu.  
**Svar:** Þeim var líka bent á að senda póst á alla í deildinni.
- Upplýsingar frá Fjár- og hjarðhundadeild:  
Sagt var frá frábæru smalahundaprófi þar sem 26 hundar fóru í gegn og 18 hundar náðu prófinu. Björn vill að félagsmenn hugsi um að í framtíðinni verði bæði til sýningarmeistarar og veiðimeistarar. Að það sé val fólks að fara í þau próf sem þeim stendur til boða.
- Terrierdeild  
Klara í terrierdeild kom fram með hugmynd að fella niður yngsta hvolpaflokkinn á hundasýningum HRFÍ vegna parvósmithættu.  
Ekki voru allir sammála því.  
Klara sagðist vilja vekja athygli á að það sé ekki alltaf dómarar frá Írlandi. Hún sagði að minnsta kosti einn terrier eigandi stendur frammi fyrir því að ef írskur dómari gefur honum alþjóðlegt stig á næstu sýningu þá hefur hann hlotið 3 frá sama landi sem þá ekki gilt.
- Staða einangrunamála.  
Rætt var um dauðsfall tíkur í einangrunarstöðinni. Félagsmönnum var bent á mikilvægi þess að standa saman í að berjast fyrir niðurfellingu einangrunarstöðvar á Íslandi og að hundarnir fái svokallaðan “pet passport” eins og tíðkast erlendis.  
Formaður félagsins kom fram með hugmynd að mynda hóp fagaðila til að vinna að undirbúningsvinnu í þessu máli.
- Ekki var meira rætt þar sem félagsmenn voru beðnir um að rýma húsið vegna eldsvoða í næsta húsi en mikill reykur var kominn inn í fundarsalinn.

Fundi slitið um kl.21:15

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.

